


HEIMASÍÐAN

Eins og sóknarbörn hafa tekið eftir tók það tíma sinn að heimasíða safnaðarins kæmist almennilega í gagnið. Nú hefur verið ráðin bót á því og www.lindakirkja.is nú uppfærð í hverri viku og stundum oft í viku. Þar eru allar helstu upplýsingar að finna um starf safnaðarins, bæði fasta liði og einstaka uppkomur. Áhersla er á það löggöð að heimasíðan sé í senn einföld í sniðum en gefi jafnframt greinargóðar upplýsingar um það sem máli skiptir. Við hvetjum þig, lesandi góður að líta við á www.lindakirkja.is.



VORTÓNLEIKAR KÓRS LINDAKIRKJU

Kór Lindakirkju heldur vortónleika sína í Hjallakirkju laugardaginn 22. apríl kl. 16:00. Dagskráin verður fjölbreytt. Meðal annars verður flutt messa eftir Gounod. Allir velkomnir. **Aðgangur ókeypis.**



Dagskrá dymbilviku og páska



Fimmtudagurinn 13. apríl kl. 20

SKÍRDAGUR

Kærleiksmáltíð í Safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3.

Helg og hátíðleg stund.

Föstudagurinn 14. apríl kl. 14

FÖSTUDAGURINN LANGI

Lestur Píslarsögunnar í Safnaðarheimilinu.

Sunnudagurinn 17. apríl kl. 11

PÁSKADAGUR

KRISTUR ER UPP RISINN!

Gleðirík guðsþjónusta í Lindaskóla fyrir alla fjölskylduna. Að henni lokinni verður boðið upp á páskaeggjaleit fyrir börnin. Allir velkomnir!



Auglýsing

Kirkjustarf aldraðra

ORLOFSDVÖL Á LÖNGUMÝRI

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar og Ellimálaráð Reykjavíkurprófastdæma efna til dvalar fyrir eldri borgara á Löngumýri í Skagafirði. Boðið er til fimm daga dvalar í senn og sem fyrr annast valinkunnur hópur stjórn daganna.

FYRSTI HÓPUR: 6.-10. JÚNÍ

ANNAR HÓPUR: 19.-23. JÚNÍ

ÞRIÐJI HÓPUR: 3.-7. JÚLÍ

Skráning og nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Ellimálaráðs Reykjavíkurprófastdæma f.h. virka daga í síma 557 1666

DAGSKRÁIN Í VOR OG SUMAR

Senn líður að lokum vetrarstarfsins í Lindasókn, en það hefur jafnframt í för með sér breytingar í helgiöldinu.

SÍÐASTA GUÐSÞJÓNUSTAN Í VETUR

Síðasta guðsþjónustan í Lindaskóla þennan vetur verður 23. apríl næstkomandi en að henni lokinni verður haldinn aðalsafnaðarfundur.

VORFERÐ SUNNUDAGASKÓLANS

Viku síðar, sunnudaginn 30. apríl, fer sunnudagaskólinn í vorferð, sem verður nánar auglýst síðar.

SUNNUDAGASKÓLI Í MAÍ

Sunnudagana 7., 14., og 21. í maí verður sunnudagaskólahald í Safnaðarheimli Lindasóknar. Þar verður boðið upp á hefðbundinn sunnudagaskóla og útleiki, ef veður leyfir.

HELGIHALD Í SUMAR

Sameiginlegar guðsþjónustur Linda-, Hjalla-, og Digranes-safnaða verða alla sunnudagsmorgna kl. 11 frá júnibyrjun til ágústloka sem hér segir: Júní í Digraneskirkju, júlí í Hjallakirkju og ágúst í Digraneskirkju. Prestar safnaðanna skiptast á með að þjóna í guðsþjónustunum.

Safnaðarheimili Lindasóknar Uppsölum 3, 201 Kópavogur Sími: 544 4477 Fax: 544 4478
Netfang: lindakirkja@lindakirkja.is

FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.
Fréttabréfið er gefið út í 3500 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.

FERMINGAR

Eins og undanfarin ár fékk Lindasókn inni með fermingar sínar í Hjallakirkju og mun svo verða þar til Lindakirkja verður risin. Fermt var laugardagana 25. mars, 1. apríl og 8. apríl kl. 10.30 og kl. 13.30. Fermingarbörn í fræðslu í Lindasókn voru alls 96.

Fræðslan gekk vel og luku börnin bæði skriflegu prófi og gerðu munnleg skil á utanbókarlærdómi. Eins og við er að búast verða mörg gullkornin til í mismælum við slíkar kringumstæður. Til dæmis taldi einn drengjanna að fjórða boðorðið væri: *Fóðra skaltu föður þinn og móður* og ein stúlkan sagði þegar hún var að fara með trúarjátninguna fyrir prestinn: *Ég trú á...samfélag aldraðra*. Fermingarbörnin vita hins vegar að kirkjan er ekki aðeins samfélag aldraðra heldur heimili Guðs barna á öllum aldri. Meðfylgjandi mynd tók Jóhann Ísberg.



FRÉTTIR AF KIRKJUBYGGINGU

Þessa dagana eru frumteikningar Lindakirkju óðum að taka á sig endanlega mynd. Að undanfögnu hafa ASK arkitektar og byggingarnefnd kirkjunnar hist á fundum til að fara yfir þau atríði í teikningunum sem betur mega fara. Þeirri hugmyndavinnu lýkur kring um páska en í framhaldinu verður gerð nákvæm kostnaðaráætlun um bygginguna. Hægt er að skoða teikningar (fyrstu drögin) á heimasíðu safnaðarins www.lindakirkja.is.

ATH!

Aðalsafnaðarfundur Lindasóknar verður haldinn
sunnudaginn 23 apríl, að lokinni messu í Lindaskóla.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Sóknarnefnd

SKÍRN

Rannveig Gréta var skírd heima í Rjúpnasölum 14 þann 11. desember. Foreldrar hennar eru Kristín Ósk Bjarnadóttir og Guðmundur Haukur Jakobsson. Eldri systur Rannveigar Grétu eru Berglind Birta 7 ára og Harpa Sól 5 ára.

Konráð Björn var skírður 11. desember heima í Mánalind 11. Foreldrar hans eru Kristín Konráðsdóttir og Ketill Heiðar Guðmundsson.

Róbert Dagur var skírður 18. desember í guðspjónustu í Lindaskóla. Foreldrar hans eru Hulddís Guðbrandsdóttir og Davíð Guðmundsson. Systir Róberts Dags heitir Kolbrún Marín

Aðalheiður Gná var skírd 18. desember heima í Fífulind 7. Foreldrar hennar eru Guðrún Agða Hallgrímsdóttir og Sigurður Sigurbjörnsson. Systkini Aðalheiðar Gnáar eru Andrea, 12 ára, Ævar Daníel 11 ára og Heiðar Ágúst sem verður bráðum tveggja ára.

Victoria var skírd heima í Funalind 13 þann 18. desember. Foreldrar hennar eru Kanda Kohyangphuak og Gísli Árni Snorrason. Stóri bróðir Victoríu er Aron 6 ára.

Ingibjörg Ögn var skírd í hátíðarguðspjónustu í Lindaskóla á jóladag. Foreldrar hennar eru Helga Þóra Eiríksdóttir og Úlfar Hauksson. Bróðir Ingibjargar Agnar er Hlynur 6 ára.

Birna Mjöll var skírd á annan í jólum heima í Laxalind 6. Foreldrar hennar eru Áshildur Bragadóttir og Björgvin Snæbjörnsson. Systur Birnu Mjallar eru Unnur Jóna 10 ára, Erna Björk 8 ára og Tinna Sól 5 ára.

Helga var skírd heima í Hásólum 1 þann 5. janúar. Helga er fjórða barn foreldra sinna, Guðrúnar Fjólu Guðnadóttur og Guðmundar Arasonar. Helga á þrjá eldri bræður sem eru Ari Freyr 15 ára, Fannar Guðni 9 ára og Máni Felix 2 ára.

Helgi var skírður 28. janúar heima í Fákahvarfi 12. Foreldrar hans eru Hanna Birna Björnsdóttir og Ingólfur Helgason.

Mikael Geir var skírður heima í Kórsölum 3 þann 28. janúar. Foreldrar hans eru Tinna Brekkan og Gunnar Karl Gíslason.

Alfa Brá var skírd 11. febrúar heima í Vatnsendabletti 18. Foreldrar hennar eru Guðbjörg Brá Gísladóttir og Oddur Sigurðsson.

Matthías Daði var skírður 12. mars heima í Kópaland 8. Foreldrar hans eru Gísli Rúnar Gíslason og Sýlvía Hlín Matthíasdóttir. Systur Matthíasar eru Lilja Dögg 12 ára og Karen Dröfn 7 ára.

SÚPUSAMVERUR

Fyrir eldri borgara

AÐSÓKN FRAM ÚR BJÖRTUSTU VONUM

Í upphafi þessa árs var bryddað upp á svokölluðum *súpusamverum* fyrir eldri borgara í Lindasókn og hafa þær verið haldnar í hádeginu á fimmtudögum einu sinni í mánuði.

Fyrsta súpusamveran var haldin í Safnaðarheimilinu 27. janúar. Óhætt er að segja að aðsókn hafi farið fram úr björtustu vonum en yfir 80 manns mættu. Sérstakir gestir voru arkitektar frá ASK arkitektastofu sem sýndu myndir af Lindakirkju, sem nú er á teikniborðinu.

Vegna plássleysis þurftu margir frá að hverfa en þeir sem fastast sátu fengu súpu og kaffi. Svo var sungið við raust við undirleik Hannesar organista. Í lokin flutti sr. Guðmundur Karl stutta hugvekkju. Þar sem safnaðarheimilið rúmaði ekki hópinn var ákveðið að flytja samverurnar í Glaðheima, Félagsheimili Gusts.

SÖGUR SR. ÁRNA

Næsta samvera var haldin í Glaðheimum 23. febrúar. Á dagskránni var stutt helgistund, söngur og léttur málsverður. Gestur samverunnar var Sr. Árni Pálsson, fyrrverandi sóknarprestur í Kópavogskirkju, sem sagði sögur af afa sínum, sr. Árna Þórarinssyni.

DANSANDI GLEÐI

Í þriðja sinn, 30. mars, var hist að nýju í Glaðheimum. Þar var margt um manninn að venju. Þorvaldur Halldórsson tónlistarmaður sá um söngdagskrá að loknu borðhaldi og blandaði hann saman gamni og alvöru í tali og tónum. Þorvaldur kann þá list að koma fólki í gott skap og í rétta sveiflu. Margir fengu sér snúning og dönsuðu bæði vals og tangó við undirleik hans.

FERÐ SUÐUR MEÐ SJÓ

- ATH BREYTT DAGSETNING!

Súpusamverum vetrarins mun ljúka með stuttri ferð suður með sjó 4. maí næstkomandi (ekki 27. apríl eins og áður var auglýst). Lagt verður af stað með rútu frá Safnaðarheimili Lindasóknar kl. 12 á hádegis og ekið til Keflavíkur. Þar verður Duus safnið skoðað. Að því loknu verður snædd Gúlassúpa í Kaffi Duus, sem staðsett er við smábátahöfnina í Keflavík. Að máltíð lokinni verður haldið til helgistundar í Hvalsneskirkju þar sem sr. Lilja Kristín Þorvaldsdóttir mun taka á móti okkur. Að lokinni helgistund verður drukkið kaffi í safnaðarheimilinu í Sandgerði. Áhugasamir skrái sig í síma 544 4477 fyrir 2. maí nk. Verð aðeins 1500 kr. Meðfylgjandi eru myndir frá samverunum.



INGI
HÖPFERDIR
55 444 66